

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 14/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 2. október 2024, kl. 11:00

Viðstödd:

Aðalmenn

Hlíf Steingrimsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Pétur S Gunnarsson og Örvar Gunnarsson

Varamenn

Agnes Smáradóttir, Eva Ágústsdóttir, Guðrún I Gylfadóttir og Sif Sumarliðadóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Guðríður K Þórðardóttir, Gylfi Óskarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Signý Vala Sveinsdóttir

Gestur: Þorvarður Jón Löve

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 13/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Foslevodopa/foscarbidopa (Produodopa) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku fyrir lyfið foslevodopa/foscarbidopa (Produodopa) sem ætlað er sem meðferð við langt genginni Parkinsonsveiki með slæmum sveiflum í hreyfingum og ofhreyfni (hyperkinesia) eða hreyfitruflunum (dyskinesia), sem svarar meðferð með levódópa, þegar notkun annarra samsetninga Parkinsonslyfja hefur ekki borið fullnægjandi árangur.

Gert er ráð fyrir að 10-15 sjúklingar hefji meðferð á fyrsta ári og síðan 8-10 árlega eftir það. Lyfið verður lagt klínískt að jöfnu við levodopa/carbidopa (Duodopa) á þessari ábendingu en hugsanlega mun sjúklingum fjölga þar sem þeir geta ekki allir notað Duodopa. Því er ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

Samþykkt milli funda

Ambrisentan (Ambrisentan Mylan) – nýtt samheitalyf

GIG mætir til fundar kl. 11:40

5) Önnur mál

a) Fjárlagaliður leyfisskyldra lyfja

Samtal er hafið við heilbrigðisráðuneytið vegna fjárlagafrumvarps næsta árs enda stefnir að óbreyttu í talsverðan halla.

b) Umsóknir um leyfisskyld lyf

Sú umræða hefur komið upp meðal krabbameinslækna hvort nauðsynlegt sé að sækja um leyfisskyld lyf sem hafa lengi verið í notkun og hafa lækkað verulega í verði. Hættan er sú að yrðu leyfisskyld lyf gerð almenn myndu verð hækka þar sem ekki er hægt að bjóða þau út eða stýra notkun á hagstæðasta kost. Hins vegar er til skoðunar að gefa leyfi til lengri tíma svo ekki þurfi að sækja jafn oft um.

Fundi slitið kl. 11:53